



**FISKTÆKNISKÓLINN**  
ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

## Fisktækniskóli Íslands

### Skólanámskrá

September 2022



**FISKTÆKNISKÓLINN**  
ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

## Skólanámskrá Fisktækniskóla Íslands

Eftirfarandi kaflar eru stuttir og einfaldir en ítarlegri lýsingar fylgja þar sem við á og er þá vísað í tengil í texta þar sem hægt er að lesa ítarlegri gögn um viðkomandi efni.

Skólanámskráin tók gildi 1. október 2022



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

### Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	5
1.1. Ágrip af sögu Fisktækniskóla Íslands.....	5
2. Skólanámskrá - Almennur hluti.....	6
3. Menntastefna.....	6
3.1. Kennlustefna/Kennsluhættir .....	7
3.2. Grunnþættir og lykilhæfni.....	7
4. Starfsemi / starfsáætlun .....	10
4.1. Stjórn.....	11
4.2. Skólaráð.....	12
4.3. Starfsfólk .....	12
4.4. Skipurit .....	13
4.5. Húsnæði .....	14
4.6. Skrifstofa .....	14
4.7. Námsferill og skráning .....	14
4.8. Námsmat.....	15
4.9. Mat og úttektir.....	15
4.10. Innra mat.....	16
4.11. Ytra mat.....	16
4.12. Sjálfsmat og gæðamál.....	16
4.13. Ráðgjöf og stuðningur við nemendur .....	17
4.14. Önnur þjónusta .....	17
5. Skólareglur .....	18
5.1. Inntökuskilyrði.....	18
5.2. Innritun og efnisgjöld.....	18
5.3. Fjarvistastig og skráning.....	18
5.4. Veikindi .....	19



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

5.5.	Réttindi og skyldur nemenda .....	19
5.6.	Skólinn líður ekki einelti .....	20
5.7.	Reglur um notkun á tölvubúnaði .....	21
5.8.	Siðareglur nemenda.....	21
6.	Samstarf og tengsl við utanaðkomandi aðila.....	21
6.1.	Tengsl við önnur fyrirtæki og stofnanir.....	22
6.2.	Ferilbók .....	22
6.3.	Samstarf við aðila vinnumarkaðarins.....	23
6.4.	Erlent samstarf.....	24
6.5.	Meðferð ágreiningsmála.....	24
6.6.	Raunfærnimat .....	24
7.	Nemendaráð .....	25
8.	Foreldrasamstarf.....	25
9.	Skólanámskrá - Námsbrautir.....	25
10.	Námsbrautir og námslok.....	25
10.1.	Fisktæknibraut (19-284-2-5) .....	27
10.2.	Veiðarfæratækni (faggreinakennsla) (16-181-3-8) .....	27
10.3.	Haftengd auðlindatækni – Fiskeldistækni (22-531-3-9).....	28
10.4.	Haftengd auðlindatækni – Gæðastjórnun (22-532-3-9) .....	28
10.5.	Haftengd auðlindatækni – Vinnslutækni (22-534-3-9) .....	29
10.6.	Haftengd auðlindatækni – Haftengd nýsköpun (22-533-3-9).....	29
10.7.	Smáskipanám – Skipstjórn (21-492-2-360) .....	30
10.8.	Smáskipanám – Vélstjórn (21-494-2-300).....	31



## 1. Inngangur

Samkvæmt framhaldsskólalögum ber sérhverjum framhaldsskóla að gefa út skólanámskrá. Skólanámskrá skal samkvæmt 22. gr. Laga um framhaldsskóla frá 2008 skiptast í tvo hluta; almennan hluta og námsbrautalýsingar. Í almennum hluta er starfsemi skólans útlistuð ásamt áherslum og helstu stefnum, stjórnskipan og námsframboði en í námsbrautahluta er ítarleg kynning á námsbrautum skólans. Skólanámskrá er unnin af starfsfólki skólans undir stjórn skólameistara og staðfest af skólanefnd að fenginni umsögn. Hún er birt á aðgengilegan hátt á vef skólans og uppfærð reglulega. Stjórn FTÍ sinnir hlutverki skólanefndar en kennarar og nemendur eiga þar áheyrnarfulltrúa. Stjórn fundar mánaðarlega en haldinn er árlegur aðalfundur skv. lögum og er sá fundur opinn og auglýstur. Sjá nánari upplýsingar um stjórn FTÍ í 4. Kafla en kafla 4.1 fjallar um stjórn skólans.

### 1.1. Ágrip af sögu Fisktækniskóla Íslands

Saga Fisktækniskóla Íslands nær aftur til ársins 2009 þegar undirbúningsfélag um stofnun skólans var stofnað og vinna hófst við að hanna námsbrautir og afla rekstrarleyfa. Það blasti við að menntun sem tengdist bláa hagkerfinu þeirri stóru atvinnugrein Íslendinga væri stórlega ábótavant. Skólinn tók formlega til starfa 2012 og hóf nám í Fisktækni verið kennt upp frá því, fyrst í tilraunakennslu en námskráin var samþykkt 2018. Fisktæknibraut er með námslok á öðru hæfniprepi. Sama ár tók skólinn við umsjón um faggreinakenndu í Veiðarfærataækni (Netagerð). Skólinn hefur frá upphafi boðið uppá kennslu í Smáskipanámi bæði í skipstjórn og vélstjórn. Frá árinu 2021 hefur Fisktækniskóli Íslands verið starfræktur undir tvíþættri viðurkenningu, þ.e. bæði sem framhaldsskóli og sem framhaldsfræðsluáðili sem starfstengt nám heyrir undir og hefur hlotið gæðavottun EQM sem er gildir til þriggja ára í senn. Árið 2022 voru samþykktar undir sameiginlega yfirheitinu Haftengd auðlindatækni fjórar framhaldsbrautir með námslok á þriðja hæfniprepi; Fiskeldistækni, Gæðastjórnun, Vinnslutækni og Haftengd nýsköpun.



## 2. Skólanámskrá - Almennur hluti

### 3. Menntastefna

Fisktækniskóli Íslands hefur frá stofnun skapað sér stöðu sem sérhæfð menntastofnun innan bláa hagkerfisins, í málefnum sem snúa að veiðum, vinnslu og fiskeldi ásamt tengdum og afleiddum greinum. Menntun á þessu sviði er teljast grundvallaratriði í samkeppnishæfni þjóðarinnar þar sem samkeppnisstaða Íslands getur aldrei falist í magni þá verður stefnan að vera að skara frammúr í gæðum, fullvinnslu, tækni eða nýsköpun.

Meginhlutverk Fisktækniskóla Íslands er að undirbúa nemendur fyrir störf innan bláa hagkerfisins með nýliðun, sjálfbærni og eflingu greinanna sem því tilheyra að leiðarljósi.

Fisktækniskóli Íslands byggist á faglegu námi þar sem áhersla er lögð á að fylgjast með tækniframförum og hvers konar frumkvöðlastarfsemi

Skólastarfið hefur frá upphafi og allt frá stofnun undirbúningsfélagsins byggist á eftirfarandi þáttum:

- Að efla fagþekkingu
- Vera ráðuneytum til aðstoðar við uppbyggingu og skipulags náms og fræðslu
- Stuðla að samstöðu fagaðila um verkefnið
- Að auka nýliðun í greininni
- Vinna að og styrkja námsefnisgerð
- Stuðla að öflugu kynningarstarfi
- Stuðla að öflugu þróunarstarfi
- Hvetja fyrirtæki í greininni til að taka nema
- Taka þátt í alþjóðlegu samstarfi
- Þjóða nemendavænt umhverfi
- Styrkja fyrirtæki í fiskeldi, veiðum og vinnslu sjávarafla til að taka á móti nemum



## 3.1. Kennslustefna/Kennsluhættir

Kennsluhættir skólans eru fjölbreyttir og taka mið af þörfum nemenda. Lokamarkmið námsins eru leiðarljós við skipulag náms og kennslu. Lögð er áhersla á að mæta hverjum nemanda þar sem hann er staddur með tilliti til þekkingar, leikni, hæfni og námsgetu. Gildir þetta jafnt um ungt fólk sem eldri nemendur með reynslu úr atvinnulífinu. Fisktækniskólinn leggur áherslu á símat bæði í fagbóklegu námi, verklegu námi og vinnustaðanámi. Jafnframt gefum við nemendum kost á að staðreyna þekkingu sína leikni og hæfni með raunfærnimati eða stöðuprófum. Stefna skólans er að kennarar og tilsjónarmenn hafi góða grunnmenntun í sinni faggrein auk kennslufræðilegrar menntunar og þekkingar, bæði á framhaldsskólastigi og fullorðinsfræðslu. Í dag uppfylla allir kennarar og stjórnendur skólans þessar kröfur. Rík áhersla er lögð á endurmenntun kennara og starfsfólks.

Eftirfarandi þættir eru lýsandi fyrir kennsluhætti skólans:

- Einstaklingsmiðað nám
- Einstaklingsmiðuð aðstoð við nemendur
- Fjölbreytni í kennsluháttum
- Fjölbreytni við námsmat (próf, viðvera, kynningar, verkefni o.fl.)
- Örvandi námsumhverfi
- Mikil samvinna við fyrirtæki í greinum tengdum náminu
- Hagnýting á tæknilausnum í námi/kennslu
- Þjálfun í alþjóðafærni
- Áhersla á starfsnám
- Góður starfsandi

## 3.2. Grunnþættir og lykilhæfni

Það er hverjum nemanda nauðsynlegt að þjálfa með sér ákveðna lykilhæfni til að geta fótað sig í nútímalegu samfélagi þar sem mörk milli landa, sem og milli veruleika og spuna mást út. Fisktækniskóli Íslands leggur áherslu á að þjálfa lykilhæfni í mikilvægum grunnþáttum í námi



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

og leggur sitt af mörkum við að þjálfa gagnrýna hugsun, samfélagslega og umhverfislega ábyrgð nemenda. Eftirfarandi eru dæmi um hæfni sem áhersla er lögð á í námi hjá skólanum og þá grunnþætti sem eru notaðir til að ná þeirri hæfni fram:

Læsi, tjáning og samskipti um tölur og upplýsingar:

- með því að þjálfa nemendur í því að nýta sér margvíslega tækni í þekkingarleit
- með því að þjálfa nemendur í að afla sér gagna, flokka og nýta sér upplýsingar á gagnrýninn hátt
- með því að nemendur vinni með talnagögn í áföngum
- með því að þjálfa nemendur í að taka siðferðilega afstöðu til samskipta og efnis á samskiptamiðlum og temja sér vönduð vinnubrögð við notkun netmiðla
- með því að þjálfa nemendur í að tileinka sér trúnað í meðferð netupplýsinga

Námshæfni:

með því að leggja áherslu á að efla sjálfstæð og öguð vinnubrögð nemenda

með því að kenna nemendum að meta vinnu sína og setja sér raunhæf markmið

með því að nemendur geri áætlanir um uppbyggingu náms síns og áætluð námslok

Skapandi hugsun og hagnýting þekkingar:

með því að leggja áherslu á skapandi verkefnavinnu nemenda

með því að gefa nemendum tækifæri til að kynnast fjölbreyttum störfum innan atvinnugreinarinnar í





# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

gegnum starfsnám

Menntun til sjálfbærni:

með því að þjálfarar nemendur í að skilja samspil umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags

með því að skýra hugtökin um umhverfislega ábyrgð og samfélagslega ábyrgð og hvetja nemendur til að tileinka sér hegðun og lífsstíl til að leggja sitt að mörkum með ábyrgri hegðun

með því að þjálfarar nemendur í að skilja takmörkun á nýtingu auðlinda, s.s. með inngripi í formi kvóta og nýtingaheilmilda sem styðja vistkerfi jarðar

Læsi, tjáning og samskipti á erlendum tungumálum:

með því að þjálfarar nemendur í að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir bæði munnlega og skriflega á ensku

með umfjöllun um mismunandi samfélög og menningarhópa

með því að heimsækja erlenda sjávarútvegsskóla og kynna þá starfi sem fer þar fram

Heilbrigði:

með því að fylgja settri forvarnarstefnu og hvetja nemendur til að taka heilbrigðar ákvarðanir í lífinu

með því að kenna nemendum að bera ábyrgð á eigin heilsufari og tileinka sér lífshætti sem stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan og velferð

með því að kenna nemendum að þekkja grundvallaratriði í næringarfræði og hollustu í mataræði og annarri neyslu.



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

Læsi, tjáning og samskipti á íslensku:

með því að þjálfar nemendur í að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir bæði munnlega og skriflega

með því að efla tengsl náms við samfélagið og efla menningarlausni nemenda

Lýðræði og mannréttindi:

með því að þjálfar nemendur í lýðræðislegu gildismati

með því að tengja lýðræðis- og mannréttindahugsjónir við hversdagslegan raunveruleika sinn í starfi, félags- og einkalífi með skilningi á eigin afstöðu til lýðræðis, gagnrýnnar hugsunar, umburðarlyndis, jafnréttis, mannréttinda ásamt virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra

Jafnrétti:

með því að hvetja nemendur til að fagna fjölbreytileikanum í þjóðfélaginu

með því að tengja lýðræðis- og mannréttindahugsjónir við hversdagslegan raunveruleika sinn í starfi, félags- og einkalífi með skilningi á eigin afstöðu til lýðræðis, gagnrýnnar hugsunar, umburðarlyndis, jafnréttis, mannréttinda ásamt virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra

#### 4. Starfsemi / starfsáætlun

Eftirfarandi gögn eru lýsandi fyrir starfsemi skólans, þau eru uppfærð reglulega og því er hægt að smella á rit/myndir til að tengjast nýjustu útgáfu af viðkomandi riti á heimasíðu skólans.



## 4.1. Stjórn

Samkvæmt samþykktum, fer hluthafafundur með æðsta vald í málefnum Fisktækniskóla Íslands. Aðalfundur kýs stjórn skólans á aðalfundi, sem fer með umboð félagsins milli aðalfunda.

Stjórn félagsins skal skipuð þannig að Grindavíkurbær skipar einn fulltrúa og einn til vara. Samband sveitarfélag á Suðurnesjum skipa einn fulltrúa og einn til vara. Fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskeldi, sem aðild eiga að félaginu skipa einn fulltrúa og einn til vara. Stéttarfélag sem aðild eiga að félaginu skipa einn fulltrúa og einn til vara. Fræðsluaðilar á Suðurnesjum sem eiga aðild að félaginu skipa einn fulltrúa og einn til vara.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra (skólameistara), sem fer með stjórn skólans í umboði stjórnar.

Á heimasíðu skólans má sjá sitjandi stjórn hverju sinni [hér](#). Við útgáfu skólanámskrár sitja eftirfarandi aðilar í stjórn fyrir viðkomandi eigendur.

Ólafur Þór Jóhannsson, formaður. Situr fyrir hönd Grindavíkurbæjar til vara Fannar Jónasson

Hjálmar Hallgrímsson. Situr fyrir hönd Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum til vara Berglind Kristindsóttir

Erla Ósk Pétursdóttir. Situr fyrir hönd fyrirtækja í sjávarútvegi til vara Heiðar Hrafn Eiríksson

Guðbjörg Kristmundsdóttir. Situr fyrir hönd stéttarfélaga til vara Hörður Guðbrandsson

Kristján Ásmundsson. Situr fyrir hönd fræðsluaðila til vara Guðjónína Sæmundsdóttir



**FISKTÆKNISKÓLINN**  
ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

#### 4.2. Skólaráð

Skólaráð er skipað tveimur starfsmönnum auk einum nemanda skólans. Skólaráð er skólameistara til ráðgjafar um málefni skólans.

#### 4.3. Starfsfólk

Stefna skólans er að kennarar, leiðbeinendur og tilsjónarmenn hafi góða grunnmenntun í sinni faggrein auk kennslufræðilegrar menntunar og þekkingar, bæði á framhaldsskólastigi og í fullorðinsfræðslu. Í dag uppfylla allir kennarar og stjórnendur skólans þessar kröfur. Rík áhersla er lögð á endurmenntun kennara og starfsfólks. Sjá nánari upplýsingar um starfsfólk [hér](#) á heimasíðu skólans.




# FISKTÆKNISKÓLINN

ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

## 4.4. Skipurit

Nr.: STS-005	<b>Fisktækniskóli Íslands</b>	 <b>FISKTÆKNISKÓLINN</b> ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES
Utgáfa: 01		
Dags.: 25.10.2019		
Höfundur: AP, ÞD		
Sampykkt: KS		
Síða 1 af 1	<b>Skipurit FTÍ</b>	





# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

### 4.5. Húsnæði

Fisktækniskóli Íslands er til húsa að Víkurbraut 56, 240 Grindavík. Símanúmer skólans 412-5966. Netfang skólans er [info@fiskt.is](mailto:info@fiskt.is) og heimasíða hans er <https://www.fiskt.is/>. Á heimasíðu skólans má meðal annars finna, skólanámskrá og aðrar upplýsingar um starfsemi skólans.

Húsnæði skólans er samnýtt með starfsemi Landsbanka Íslands í Grindavík. Það samanstendur af tveimur kennslustofum ásamt aðstöðu fyrir starfsmenn. Auk þess fer kennsla fram að stórum hluta víðsvegar um landið í samvinnu við fyrirtæki, framhaldsskóla og endur- og símenntunarmiðstöðvar. Húsnæðið er á tveimur hæðum en til að tryggja aðgengi allra fer kennsla fram á jarðhæð eftir þörf krefur.

### 4.6. Skrifstofa

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 9.00 – 15.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum kl. 9.00 – 12.00. Á skrifstofu skólans eru veittar allar almennar upplýsingar um starfsemi skólans. Staðfesting á skólavist og námsferilsskrá að námi loknu eru útgefin af skrifstofu að námi loknu. Einnig er þar tekið á móti tilkynningum um veikindi og önnur forföll. Forráðamönnum nemenda yngri en 18 ára ber að tilkynna veikindi/forföll viðkomandi í gegnum „Innu“, með tölvupósti eða í síma 412-5966. Forföll skal tilkynna samdægurs.

### 4.7. Námsferill og skráning

Þegar nemendur hefja nám við Fisktækniskólann fá þeir aðgang að tölvukerfi skólans og upplýsingakerfinu Innu [www.inna.is](http://www.inna.is). Í Innu geta nemendur nálgast ýmsar upplýsingar og fylgst með og skoðað námsferil sinn. Þar er valin innskráning með Íslykli, eða með rafrænum skilríkum. Síðan er slegin inn kennitala og lykilorð. Lykilorð fæst með því að fara á <http://www.island.is/islykill> og velja þar „Sækja nýtt lykilorð“. Í framhaldi er hægt að velja hvort lykilorðið er sent í heimabanka eða í pósti á lögheimili.



## 4.8. Námsmat

Í upphafi hverrar annar skal nemendum kynnt í kennsluáætlun tilhögun námsmats í hverjum áfanga. Þar skal tilgreina öll verkefni sem vægi hafa til námsmats og nemandi er skylt að skila á önninni. Námsmat getur byggt á skriflegu eða munnlegu prófi, verkefnavinnu, jafningjamati, sjálfsmati eða öðrum þeim leiðum sem kennari kýs og fram koma í kennsluáætlun.

Flestir áfangar eru með lokapróf (40-60%) en vinnueinkunn (60-40%) gildir á móti til lokaeinkunnar. Vinnueinkunn getur verið til komin með ýmsum hætti s.s. með skyndiprófum, heimaprófum, munnlegum prófum, ýmiss konar verkefnum, jafningjamati, sjálfsmati, ritgerðum, skýrslugerð, ferilmöppu, vettvangsnámi og verklegum æfingum svo eitthvað sé nefnt. Síamatsáföngum hefur fjölgað á síðustu árum en þar fer námsmatið fram jafnt og þétt alla önnina. Lokaeinkunnin verður til svipað og vinnueinkunn í áföngum með lokaprófi. Við lok hvers áfanga er gefin einkunn í heilum tölum á bilinu 1-10. Lágmarkseinkunn í hverjum áfanga er 5, þó með þeirri undantekningu að nemandi getur útskrifast með einkunnina 4 ef um lokaáfanga er að ræða. Slíkur árangur gefur ekki einingar. Nái nemandi ekki lágmarkseinkunn verður hann að endurtaka áfangann, þó er þeim nemendum sem eru að ljúka námi gefinn kostur á að endurtaka próf í einum áfanga.

## 4.9. Mat og úttektir

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Mat á skólastarfi í framhaldsskóla er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir og er hér kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem unnið er á vegum menntamálaráðuneytis eða annarra og er nefnt ytra mat.



#### 4.10. Innra mat

Innra mat Fisktækniskóla Íslands veitir upplýsingar um starfshætti skólans, stuðlar að umbótum og auknum gæðum og er liður í þróun skólastarfs. Matið greinir hvað gengur vel og hvað miður, og eru ákvarðanir um umbætur teknar á grundvelli niðurstaðna. Matið tekur mið af þeim markmiðum og gildum sem fram koma í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Jafnframt tekur það mið af starfsaðferðum og sérstöðu skólans. Matinu er ætlað að endurspegla stöðu skólans bæði hvað varðar framhaldsfræðslu- og framhaldsskólahlið starfseminnar.

#### 4.11. Ytra mat

Menntamálaráðuneyti annast öflun, greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í framhaldsskólum. Það er liður í reglubundnu ytra mati á gæðum skólastarfs ásamt úttektum, könnunum og rannsóknum. Ytra mat getur náð til framhaldsskóla í heild, aðferða við innra mat eða annarra skilgreindra þátta í starfsemi framhaldsskóla. Ráðuneytið leitast við að fylgja innra og ytra mati eftir með stuðningi, fræðslu og ráðgjöf til viðkomandi skóla þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.

#### 4.12. Sjálfsmat og gæðamál

Framhaldsskólalög kveða á um mat og eftirlit með gæðum sem hefur þann tilgang að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Val á matsþáttum ræðst af eðli starfsins. Til hliðsjónar eru höfð m.a. lög um framhaldsskóla, aðalnámskrá framhaldsskóla, skólanámskrá og skólasamningur Fisktækniskóla Íslands við Mennta- og barnamálaráðuneytið. Matsþættir í innra mati skólans eru A ) kennsla og önnur





störf kennara, B) stjórn C) stoðþjónusta önnur þjónusta, D) nemendur og nám E) starfsfólk og starfsumhverfi. Tilviljun ræður röð á námsþáttum sem eru t.a.m. eftirfarandi:

- Kennslumat
- Líðan starfsmanna
- Samskipti nemenda við starfsmenn aðra en kennara
- Líðan nemenda
- Könnun á fjölbreyttu námsmáti
- Mat á störfum stjórnenda
- Notkun á kennsluumhverfi Innu og/eða öðrum kennslukerfum

#### 4.13. Ráðgjöf og stuðningur við nemendur

Við upphaf náms fá allir nemendur Fisktækniskólans viðtal, þar sem farið er yfir helstu markmið og áherslur námsins. Í viðtalinu eru kannaðar forsendur nemandans til að stunda námið (s.s. greiningar o.fl.) og hvaða stuðningi nemandinn kann að þurfa til þess að ná árangri.

Í því sambandi hafa nemendur aðgang að náms- og starfsráðgjafa og sérkennara, sem sér um greiningar ef þörf krefur. Nemendur eru hvattir til þess að nýta sér þá þjónustu.

Auk almenns mats á námsstöðu og færni umsækjanda um skólavist verður leitast við að þjónusta sérstaklega nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og áhersla lögð á aðlögun nemenda að skólasamfélaginu og því vinnuumhverfi, eða framhaldsnámi sem í boði er að loknu námi frá Fisktækniskólanum.

#### 4.14. Önnur þjónusta

Skólaakstur er frá öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum auk aksturs til og frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir þá nemendur sem stunda þar nám í almennum greinum á námstímanum. Í skólanum er aðstaða fyrir nemendur til þess að matast.



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

Samkvæmt samstarfssamningi er gert er ráð fyrir því að þeir nemendur Fisktækniskólans sem þess óska fái aðild að nemendafélagi NFS með sömu réttindum og skyldum og aðrir nemendur FS.

## 5. Skólareglur

Litið er á nám í skólanum eins og hverja aðra vinnu sem sinnt er af alúð og samvirkusemi. Nemendum ber að sækja allar kennslustundir stundvíslega.

### 5.1. Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrði fyrir Fisktækni og Veiðarfærataækni eru samkvæmt framhaldsskólalögum. Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun og náð 16 ára aldri eiga rétt á að hefja nám í Fisktækni og Veiðarfærataækni. Inntökuskilyrði í framhaldsbrautirnar í Haftengdri auðlindatækni eru alla jafna að viðkomandi hafi lokið Fisktæknibraut eða öðru námi sem skólinn metur sambærilegt. Kröfur um undirbúning og önnur skilyrði innritunar skulu miðast við skólaeinkunnir við lok grunnskóla eða aðra þætti sem staðfesta að nemendur hafi nægan undirbúning til að stunda nám á viðkomandi námsbraut. Skólameistari getur heimilað nemendum, sem ekki uppfylla skilyrði til innritunar að fullu, að hefja nám ef telja má líklegt að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur. Einstaklingar utan skóla eiga þess kost að gangast undir raunfærnimat. Þeir geta nýtt niðurstöður matsins til skipulagningar náms á framhaldsfræðslustigi, til styttingar náms, eða til staðfestingar á hæfni sinni á vinnumarkað.

### 5.2. Innritun og efnisgjöld

Innritunar- og efnisgjöld eru innheimt í byrjun annar. Greiðsla þeirra er staðfesting á skólavist.

### 5.3. Fjarvistastig og skráning

Fjarvistir í kennslustundum og seinkomur eru skráðar daglega og færðar í fjarvistabókhald skólans (Innu). Gefið er 1 stig fyrir fjarveru í tíma og 0,33 stig fyrir að mæta of seint. Seinkoma telst ef nemandi mætir eftir að skráning mætingar hefur farið fram. Fjarvist er



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

skráð ef nemandi er ekki mættur þegar þriðjungur kennslustundar er liðinn. Hafi kennari ekki mætt í kennslustund innan 10 mínútna frá upphafi tíma skulu nemendur leita skýringa á skrifstofu skólans.

Nemendur fylgjast sjálfir með viðveruskráningu í Innu og skulu, ef þörf krefur, gera athugasemdir fyrir kl. 16 á mánudegi vegna viðveruskráningar liðinnar viku.

### 5.4. Veikindi

Tekið á móti tilkynningum um veikindi og önnur forföll. Forráðamönnum nemenda yngri en 18 ára ber að tilkynna veikindi/forföll viðkomandi í gegnum „Innu“, með tölvupósti eða í síma 412-5966. Forföll skal tilkynna samdægurs.

Ef nemandi er fjarverandi vegna veikinda meira en viku í áfanga á önn ber honum að framvísa veikindavottorði.

Fari veikindadagar annar fram yfir 7 daga leitar nemendabjónusta úrræða í samvinnu við Heilbrigðisstofnun.

Forföll vegna veikinda eru skráð með auðkenninu V og telja þeir kennslutímar ekki til lækkunar mætingarhlutfalls.

### 5.5. Réttindi og skyldur nemenda

Um réttindi og skyldur nemenda Fisktækniskólans gilda sömu reglur og í almennum framhaldsskólum.

Ef nemendur fylgja ekki reglum um skólasókn nægjanlega, að mati skólans, verða þeir boðaðir á fund skólameistara þar sem þeir gera grein fyrir fjarveru sinni og leitað verði úrbóta.

Nemendur skulu sækja allar kennslustundir samkvæmt stundaskrá og mæta stundvíslega.

Nemendur virði vinnufrið í kennslustundum og virði verkstjórn kennara.



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

Allir í skólanum skulu sýna hver öðrum tillitssemi og kurteisi í daglegum samskiptum. Sýna ber háttvísi og trúðmennsku hvar sem komið er fram í nafni skólans.

Allir skulu sýna góða umgengni í skólanum og virða eigur hans. Spjöll sem nemendur kunna að valda á húsnæði eða eignum hans skulu þeir bæta að fullu

Reykingar og notkun tóbaks, þ.m.t. munntóbaks og rafsígarettar (vape) eru óheimilar í húsnæði og á lóð skólans. Ekki má hafa áfengi eða önnur vímuvaldandi efni um hönd né mæta undir áhrifum þeirra í skóla.

Notkun á farsíma eða öðrum snjalltækjum í kennslustund er háð heimild/samþykki kennara hverju sinni. Það sama gildir um notkun á tölvum. Virða skal verkstjórn kennara að þessu leyti.

Myndataka, kvikmyndataka og hljóðupptökur í skólanum eru óheimilar í kennslustundum án skýrrar heimildar kennara.

Bílastæði nemenda eru á stæði austan við skólann. Virða skal sérmerkt stæði við skólann. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á verðmætum/eigum sínum sem þeir taka með sér. Ítrekuð brot á reglum sem gilda í skólanum geta leitt til brottrekstrar úr skóla.

### 5.6. Skólinn líður ekki einelti

Fisktækniskólinn líður ekki einelti, eða annað ofbeldi á vinnustað. Áhersla verður á að stöðva slíka hegðun ef hún kemur upp. Nemendur eru hvattir til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við og láta vita. Jafnframt að skapa þannig skólabrag að skólinn verði öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og samvinnu allra. Um viðbrögð við einelti er tekið mið af reglugerð um einelti. Leiki grunur á því að einelti eða annað ofbeldi hafi átt sér stað Sjá stefnu skólans ([STE – 025](#)) sem felur í sér stefnu og verkferil sem felur í sér hvernig málsmeðferð skuli háttað hvort sem um er að ræða óformlega eða formleg málsmeðferð.



## 5.7. Reglur um notkun á tölvubúnaði

Tölvubúnaður Fisktækniskóla Íslands er eign skólans og einungis ætlaður til náms, kennslu, kynningar og annarra þátta er samræmast markmiðum skólans. Handhafi notandanafns í tölvukerfi skólans er ábyrgur fyrir allri notkun þess.

Óheimilt er:

- Að veita öðrum aðgang að notandanafni sínu, klámefni
- Að reyna að tengjast tölvubúnaði skólans með öðru notandanafni en því sem notandi hefur fengið úthlutað og að nota aðgang að neti til að komast inn á net eða tölvur í annarra eigu
- Að breyta, afrita eða fjarlægja vélbúnað, hugbúnað eða gögn sem eru í eigu skólans
- Að setja inn hugbúnað á tölvur skólans án samþykkis kerfisstjóri
- Að senda, sækja eða geyma klámefni, ofbeldisefni og annan ruslpóst.
- Að nota leiki í tölvunum aðra en þá sem fylgja Windows kerfinu,
- Að hlusta á útvarp eða horfa á sjónvarp í gegnum netið nema það sé lagt fyrir sem námsefni af kennara
- 

## 5.8. Siðareglur nemenda

Nemandi:

- Sýnir samnemendum og starfsmönnum skólans tillitssemi og virðingu
- Ástundar nám sitt af samvisskusemi og heiðarleika. Gætir heiðurs skólans og hagsmuna
- Hefur reglur skólans að leiðarljósi

## 6. Samstarf og tengsl við utanaðkomandi aðila

Skólinn leggur áherslu á að eiga í góðu samstarfi við menntastofnanir og fyrirtæki í sjávarútvegi, ekki síst í nærsamfélagi hans. Farið er í heimsóknir grunnskólanna á svæðinu og nám við skólann kynnt. Samstarf er við Fjölbrautaskóla Suðurnesja um nám í



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

Veiðarfærataekni og við símenntunarstöðvar um allt land um náms- og starfsráðgjöf til nemenda og raunfærnimat.

### 6.1. Tengsl við önnur fyrirtæki og stofnanir

Eitt af megin hlutverkum skólans er að búa ungt fólk undir störf á vinnumarkaði. Í Fisktækniskólanum fer fram formleg starfsmenntun í greinum bláa hagkerfisins s.s. í veiðum, vinnslu og fiskeldi. Uppbygging starfs- og verknáms af því tagi byggir á virkri þátttöku atvinnulífsins við raunhæfar aðstæður, úti á vinnumarkaði. Með því móti næst markmið um marktæka verkkunnáttu og færni þegar út á vinnumarkaðinn er komið. Af þeim sökum er skólinn er samstarfi við fjölmörg fyrirtæki sem fást við haftengda starfsemi.

Um helmingur námstíma í Fisktækniskóla fer fram á vinnustað. Skipulag vinnustaðanáms er samkvæmt 28. gr. framhaldsskólalaga og reglugerð nr. 697/2009 um vinnustaðanáms og starfsþjálfun á vinnustað.

### 6.2. Ferilbók

Gerð er ferilbók fyrir hvern vinnustað (t.d. fiskvinnslu, skip, fiskeldisstöð) er eign nemanda. Innleiðing er hafin á rafrænni ferilbók og er unnið að innleiðingu rafrænnar ferilbókar í Veiðarfærataekni á haustmánuðum 2022 en í kjölfarið verða ferilbækur annarra námsleiða settar upp á rafrænu formi. Eftirfarandi þættir koma fram:

- Upplýsingar um nemanda, tímabil starfsþjálfunar og fyrirtæki og nafn tilsjónarmanns
- Gerð og innihald ferilbókar ásamt leiðbeiningum um notkun hennar
- Listi yfir námsáfanga. Staðfesting á loknum áföngum við brottför úr skóla
- Námsferill á vinnustað. Námsþættir, verklag og vinnubrögð sem nemandi skal njóta leiðsagnar í. Mat á árangri í einstökum námsþáttum, verklagi og vinnubrögðum samkvæmt sameiginlegu áliti tilsjónarmanns og nemanda

Tilgangur vinnustaðanáms:

- Vinnustaðanámið gefur nemanda tækifæri til að öðlast þekkingu og þó einkum leikni í verklagi og vinnubrögðum á hinu tiltekna sviði við raunaðstæður, undir leiðsögn og eftirliti



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

- Vinnustaðanámið undirbyggir hæfni nemandans, þ.e. hæfileikann til að nýta þekkingu og leikni til draga ályktanir, bæta verklag sitt og vinnubrögð
- Nemandinn fær tækifæri til að „máta saman“ þá þekkingu og leikni sem hann öðlast í skóla við þá þekkingu og leikni sem hann öðlast á vinnustað

Nemandinn fær tækifæri til að kynnst innviðum, menningu og umhverfi fyrirtækisins og kynnist eðli þess rekstrar sem það stundar.

Fyrirtækið fær tækifæri til að afla sér framtíðarstarfsfólks, velja og hafna – og þjálfa hina útvöldu samkvæmt eigin þörfum og kröfum.

Skóli og fyrirtæki fá tækifæri til að starfa saman að þróun, endurbótum og lagfæringum á heildarnámsferlinum, samræma verklag og inntak í skólanámi og vinnustaðanámi.

Árangur vinnustaðanámsins er einkum háður sex þáttum:

- Möguleikum nemanda til að samþætta þekkingu, leikni og hæfni sem hann öðlast í skóla við þann raunveruleika sem hann stendur frammi fyrir á vinnustað, þ.e. að nýta lærdóm sinn við raunaðstæður
- Afstöðu fyrirtækisins og einstakra starfsmanna til unga fólksins, umhyggju fyrir því og vilja til að opna því fordómalaust sýn inn í allar þætti starfseminnar sem máli skipta fyrir þjálfun þess
- Afstöðu nemanda til vinnustaðarins, fyrirtækisins, umhverfis þess og vinnu almennt
- Viðhorfi nemandans til samstarfsmanna og framkoma hans gagnvart þeim
- Viðhorfi nemandans til fagsins og fagmennskunnar sem hann er að helga starfskrafta sína
- Sjálfsmynd nemandans og tilfinning fyrir eigin stöðu í starfsumhverfi sínu

### 6.3. Samstarf við aðila vinnumarkaðarins

Fisktækniskóli leitar eftir og rættar samstarf við starfsgreinaráð sem hafa með höndum skipulagningu á því námsframboði sem skólinn býður. Skólinn mun kappkosta að leita álitis starfsgreinaráða um skólanámskrá og fella hæfnikröfur sem þau kunna að gera inn í áfangalýsingar.



## 6.4. Erlent samstarf

Skólinn er í samvinnu við sambærilega skóla í Noregi, Danmörku, Færeyjum, Grænlandi og í Portúgal. Samvinnan byggir á gagnkvæmum heimsóknum og sameiginlegum fundum starfsfólks um viðfangsefni skólanna. Nemendur á Fisktæknibraut taka þátt í utanlandsferðum á vegum skólans t.d. til Danmerkur, Noregs og Portúgals. Að sama skapi koma nemendur erlendis frá í heimsókn hingað til lands. Samstarf er við Tækniskólann – skóla atvinnulífsins um Smáskipanám bæði skipstjórn og vélstjórn. Samstarf er við Slysavarnaskóla sjómanna um öryggismál til sjós.

## 6.5. Meðferð ágreiningsmála

Leitast er við að leysa ágreiningsmál innan skóla. Miðað er við að ráðgjafi sé hafður með í ráðum við meðferð ágreiningsmála er varða skjólstæðinga þeirra. Samráð verður haft við forráðamann sé nemandi ólögráða. Nýta skal feril [VNL-205](#) við úrvinnslu.

Rísi ágreiningur milli nemenda, kennara og/eða annarra starfsmanna skólans og ekki reynist unnt að finna lausn á málinu er því vísað til skólameistara. Leitast verður við að leysa ágreiningsmál er varðar próf og faglegt mat með aðstoð hlutlauss þriðja aðila og þá jafnan til fagskóla á framhaldsskólastigi. Uni málsaðilar ekki niðurstöðu forstöðumanns má vísa málinu til stjórnar skólans og/eða Mennta- og barnamálaráðuneytisins.

## 6.6. Raunfærnimat

Raunfærni er samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi.

Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunfærni einstaklings án tillits til þess hvernig eða hvar hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að einstaklingur fái viðurkennda raunfærni, sem hann býr yfir á ákveðnum tíma, þannig að hann þurfi ekki að sækja nám í því sem hann kann eða öðlist framgang í starfi.





# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

Matsferlið er fimmþætt:

- Upplýsingar og endurgjöf
- Skráning
- Greining
- Staðfesting
- Mat og viðurkenning á raunfærni

Fisktækniskóli gerir raunfærnimat í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í ljósi þeirra hæfnikrafna sem aðilar vinnumarkaðarins setja í þeim störfum sem um er að ræða.

## 7. Nemendaráð

Nemendaráð Fisktækniskóla Íslands skólaárið er skipað fjórum nemendum úr grunnnáminu eftir árgöngum. Nemendaráð fundar reglulega yfir skólaárið. Markmið nemendaráðs er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Nemendaráð kemur meðal annars að jafnréttismálum, húsnæði, umhverfismálum og öðru sem viðkemur málefnum nemenda skólans.

## 8. Foreldrasamstarf

Foreldrum ólöggráða nemenda er boðið til viðtals við innritun auk þess sem boðað er til fundar forráðamanna við upphaf kennslu.

## 9. Skólanámskrá - Námsbrautir

### 10. Námsbrautir og námslok

Í námsbrautarlýsingu er kveðið á um innihald og vægi áfanga í einstökum greinum, samhengi í námi, vægi námsþátta og lokamarkmið náms. Þegar námsbrautir hafa verið samþykktar af hálfu ráðuneytis eru þær hluti af aðalnámskrá. Upplýsingar um námsbrautir, lýsingar á þeim og einstökum áföngum er að finna á heimasíðu skólans undir [NÁM](#) og [FRAMHALDSNÁM](#) þar sem hlekkir eru á hverja námskrá á Námskrárvef.



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

Námsbrautarlýsingar eru byggðar upp í samræmi við ákvæði almenns hluta aðalnámskrár framhaldsskóla og skólanámskrár viðkomandi skóla. Í námsbrautalýsingu er kveðið á um innihald og vægi áfanga í einstökum greinum, samhengi í námi, vægi námsþátta og lokamarkmið náms. Þar er ákveðinn lágmarksfjöldi áfanga og eininga í einstökum námsgreinum og inntak náms.

Námsbrautir Fisktækniskólans eru fimm auk þess sem skólinn sinnir kennslu faggreina í Veiðarfæratækni og sinnir kennslu í smáskipanámi, þ.e. bæði í skipstjórn og vélstjórn. Námsbraut í Fisktækni er fjögurra annanám með námslok á öðru hæfniprepi, kennt til skiptis í skóla og á vinnustaðanámi.. Hver önn í skóla er að meðaltali 30 framhaldsskólaeiningar samkvæmt fyrirbyggjandi skipulagi. Annir vinnustaðanáms (2. og 4.) eru um 14 vikur á hvorri önn. Námslok eru eftir 4. önn á 2. þrepi.

Nám á fyrstu önn fer fram í skóla og önnur önn á vinnustað. Á þriðju önn eykst sérhæfing og á fjórðu önn stunda nemendur nám á vinnustað í samræmi við framtíðaráform sín um starfsvettvang, í vinnslu, til sjós eða í fiskeldi.

Hver önn í skóla er að meðaltali 30 framhaldsskólaeiningar samkvæmt fyrirbyggjandi skipulagi. Áfangar eru mislangir og með lýsingunum fylgir tafla sem sýnir hvernig einingafjöldi er metinn. Tímaeiningin er klukkustund í öllum tilvikum.

Annir vinnustaðanáms (2. og 4.) eru um 14 vikur á hvorri önn. Námslok eftir 2. önn geta því verið á 1. þrepi og námslok eftir 4. önn á 2. þrepi.

Fjórar framhaldsbrautir með námslok á þriðja hæfniprepi undir sameiginlega yfirheitinu Haftengd auðlindatækni byggjast í grunninn á Fisktækni braut en skiptast hver í sína sérhæfingu. Framhaldsbrautirnar eru: Fiskeldistækni, Gæðastjórnun, Vinnslutækni og Haftengd nýsköpun.

Fisktækniskólinn býður einnig upp á fagbóklegar greinar Veiðarfæratækni (netagerðar) samkvæmt samþykktri námskrá frá 2016. Námið er í samstarfi við fagnefnd netagerðar, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og fyrirtæki í greininni. Skólanám er tvær annir, samtals 58



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

framhaldskólaeiningar. Vinnustaðanám er 82. vikur eða samkvæmt ferilbók.“ Sjá námsbraut netagerðar inn á námskrá.is „

Námið er samningsbundið iðnnám og skiptist í bóklegar greinar á tveimur önnum í skóla og vinnu- staðanám, samtals 204 einingar. Í vinnustaðanámi afla nemendur sér námssamnings í fyrirtæki sem samsvarar 146 einingum. Námi í netagerð lýkur með sveinsprófi.“

Námskrár Smáskipanáms bæði skipstjórn og vélstjórn með námslok á öðru hæfniprepi hafa báðar verið kenndar við skólann frá upphafi, nú eftir síðustu uppfærslu námskráa frá árinu 2021 heyra þær undir framhaldsfræðsluhlið skólans.

### 10.1. Fisktæknibraut (19-284-2-5)

Nám á fisktæknibraut býr nemendur undir störf í fiskvinnslu, við fiskveiðar og fiskeldi. Námið getur enn fremur verið grunnur að öðru námi í framhaldsskóla. Námið er skipulagt sem tveggja ára nám. Eitt ár í skóla og eitt ár á vinnustað undir leiðsögn. Nemendur geta á námstímanum tekið námskeið í stjórnun vinnuvéla. Fisktæknir starfar við vinnslu sjávarafurða sem sérhæfður starfsmaður eða flokkstjóri með ábyrgð á ákveðnum verkstöðvum hjá fiskvinnslufyrirtækjum, útgerðum, fiskeldisstöðvum eða öðrum fyrirtækjum í sjávarútvegi. Fisktæknir getur einnig starfað sem sölumaður hjá fiskisölufyrirtæki eða fyrirtæki sem selur tæki og búnað fyrir sjávarútveg. Námslok brautar eru á öðru hæfniprepi og útskrifast nemendur sem Fisktæknar.

Upplýsingar um námið má sjá á heimasíðu skólans [hér](#)

Ítarlegt yfirlit yfir námskrá má sjá á námskrárvef [hér](#)

### 10.2. Veiðarfæratækni (faggreinakennd) (16-181-3-8)

Námið er samningsbundið iðnnám og skiptist í bóklegar greinar (tvær annir í skóla) og vinnustaðanám, samtals 204 einingar. Í vinnustaðanámi afla nemendur sér námssamningi í



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

fyrirtæki sem samvarar 146 einingum. Námi í netagerð lýkur með sveinsprófi. Netagerð er löggilt iðngrein.

Upplýsingar um námið má sjá á heimasíðu skólans [hér](#)

Ítarlegt yfirlit yfir námskrá má sjá á námskrárvef [hér](#)

### 10.3. Haftengd auðlindatækni – Fiskeldistækni (22-531-3-9)

Námsbraut í Fiskeldistækni (22-531-3-9) þjálfar faglega þekkingu á fiskeldi á framhaldsskólastigi. Fiskeldistæknir sinnir fjölbreyttum störfum í fiskeldi, þekkir vinnustaðinn, hverja einingu í starfsstöðinni og hvaða staðlar eða reglur eiga við á hverjum stað í framleiðslunni. Sinnir fóðrun, daglegri umhirðu og slátrun. Fiskeldistæknir þekkir og fylgir hreinlætiskröfum og öryggisstöðlum sem eiga við rekstur fyrirtækis í matvælaframleiðslu. Við námslok hefur nemandi öðlast hæfni til að starfa á ábyrgan og sjálfstæðan hátt í samræmi við grundvallarreglur viðkomandi fyrirtækis. Námslok eru á þriðja hæfniprepi og útskrifast nemendur sem Fiskeldistæknar.

Upplýsingar um námið má sjá á heimasíðu skólans [hér](#)

Ítarlegt yfirlit yfir námskrá má sjá á námskrárvef [hér](#)

### 10.4. Haftengd auðlindatækni – Gæðastjórnun (22-532-3-9)

Hagnýtt nám í gæðastjórnun sem er sérniðið að fiskvinnslu og/eða annarri matvælavinnslu. Í starfi gæðastjóra felst umsjón með uppbyggingu, rekstri og þróun gæðakerfis og ábyrgð á að gæðakerfið sé samofið starfsemi fyrirtækisins. Námsbraut í gæðastjórnun þjálfar faglega þekkingu á gæðastjórnun og þeim ferlum og vottunum sem hún felur í sér. Námslok eru á þriðja hæfniprepi og útskrifast nemendur sem Gæðastjórar með sérhæfingu í matvæla-/fiskvinnslu.

Upplýsingar um námið má sjá á heimasíðu skólans [hér](#)

Ítarlegt yfirlit yfir námskrá má sjá á námskrárvef [hér](#)



## 10.5. Haftengd auðlindatækni – Vinnslutækni (22-534-3-9)

Með aukinni tæknivæðingu hafa margar matvælavinnslur komið sér upp fullkomnum vinnslulínum, tækjum og hugbúnaði til framleiðslustýringar en aukin þekking á búnaðinn er lykilatriði. Vinnslutæknir stjórnar og samhæfir búnað í fiskvinnslu-/matvælafyrirtækjum, hefur umsjón með fyrirbyggjandi viðhaldi, bilanagreiningum og einfaldari viðgerðum á búnaðinum. Vinnslutæknir setur upp helstu stillingar á hugbúnaði og vélbúnaði og hefur umsjón með því að taka út öll helstu gögn úr hugbúnaði til að geta unnið einfaldari útreikninga fyrir skýrslugerð og upplýsingagjöf t.d. varðandi gæði, nýtingu og afköst. Það eru sameiginlegir hagsmunir fyrirtækis, framleiðanda tækjabúnaðar og starfsfólks að hafa innan sinna raða vel þjálfað starfsfólk með faglega þekkingu á þeim verðmætaskapandi tækjabúnaði sem hámarkar afköst, samtímis því að halda uppi góðum gæðum og yfirsýn. Ávinningur þess að hafa vel þjálfaða vinnslutækna innan sinna raða er meiri skilningur á tækjum og búnaði, styttri viðbragðstími ef bilun verður sem lækkar kostnað vegna vinnslustoppa og stuðlar að betri samskiptum fisk-/matvælavinnslu og þjónustuaðila tækjabúnaðar. Námslok eru á þriðja hæfniprepi og útskrifast nemendur sem Vinnslutæknar.

Upplýsingar um námið má sjá á heimasíðu skólans [hér](#)

Ítarlegt yfirlit yfir námskrá má sjá á námskrárvef [hér](#)

## 10.6. Haftengd auðlindatækni – Haftengd nýsköpun (22-533-3-9)

Haftengd nýsköpun – Sjávarakademía þjálfar frumkvöðla á sviði haftengdrar nýsköpunar og hentar fólki sem hyggst stofna fyrirtæki innan bláa hagkerfisins eða er með viðskiptahugmynd sem það vill þróa. Áhersla er á leiðtogafærni, nýsköpun og markaðsmál. Markhópar námsleiðarinnar eru fólk sem er nú þegar í vinnu í framleiðslu og vill mennta sig í greininni, framhaldsskólanemar sem gætu tekið einstaka námshluta eða alla námskrána sem val eða fólk sem vill læra um nýsköpun, sjálfbærni og markaðsmál. Markmiðið er að þjálfa fólk til þátttöku í frumkvöðlastarfi og nýsköpun til að mæta aukunum kröfum fyrirtækja og framtíðarinnar. Hæfni til að skapa nýjungar er afar mikilvæg fyrir komandi kynslóðir, einkum



# FISKTÆKNISKÓLINN

## ICELANDIC COLLEGE OF FISHERIES

með tilliti til bættrar nýtingar hráefnis og endurnýtingar. Atvinnulífið hefur kallað eftir starfsfólki sem býr yfir frumkvæði, skapandi hugsun, iðn- og tæknihæfni, er lausnamiðað og óhrætt að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Nemendur öðlast grunnþekkingu og færni í að hrinda í framkvæmd viðskiptahugmyndum eða leiða vaxtar- og rekstrar hvetjandi verkefni eða hugmyndir innan nýs eða núverandi vinnustaðar. Í náminu er lögð áhersla á að þátttakendur þrói með sér hugarfar frumkvöðuls og efli sjálfstraust sitt. Námsárangur er byggður á frammistöðu og ábyrgð einstaklings sem og samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu námsins. Námið gerir kröfu um virka þátttöku nemenda sem meðal annars felst í því að útbúa viðskiptaáætlun um stofnun og rekstur fyrirtækis sem byggir á eigin nýsköpunar-/viðskiptahugmynd, vörubrúun og gerð markaðsáætlunar. Námslok eru á þriðja hæfniþrepi og útskrifast nemendur með viðurkenningu í Haftengdri nýsköpun.

Upplýsingar um námið má sjá á heimasíðu skólans [hér](#)

Ítarlegt yfirlit yfir námskrá má sjá á námskrárvef [hér](#)

### 10.7. Smáskipanám – Skipstjórn (21-492-2-360)

Námskrá þessi tiltekur þær kröfur sem gerðar eru til smáskipanáms, skipstjórnarhluta, annars vegar til smáskipanáms til skipstjórnar á fiskiskipum og öðrum skipum, 15 metrar að skráningalengd og styttri, í strandsiglingum (sbr. 6. gr. rg. nr. 944/2020) samkvæmt lögum nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (5. og 6. gr.), og hins vegar til smáskipanáms til skipstjórnar á farþegabátum allt að 12 m að skráningalengd sem mega flytja allt að 12 farþega samkvæmt lögum nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa (3. gr.). Réttindi fást að loknum viðeigandi siglingatíma og öryggisfræðslunámi. Framhaldsskólar skv. lögum um framhaldsskóla geta boðið upp á smáskipanám. Samgöngustofa hefur eftirlit með að smáskipanám uppfylli kröfur námskrár. Námið má meta til eininga í framhaldsskóla og skólastjórnendur eru ábyrgir á mati skóla á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

Upplýsingar um námið má sjá á heimasíðu skólans [hér](#)



Ítarlegt yfirlit yfir námskrá má sjá á námskrárvef [hér](#)

#### 10.8. Smáskipanám – Vélstjórn (21-494-2-300)

Námskrá þessi tiltekur þær kröfur sem gerðar eru til smáskipanáms, vélavarðarhluta, annars vegar til smáskipavélavörslu á skipum 15 metrar og styttri í strandsiglingum og með vélarafli 750 kW eða minna (sbr. 12. gr. rg. nr. 944/2020) samkvæmt lögum nr. 30/2007 um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (5. og 6. gr.), og hins vegar til vélstjórnar á farþegabátum allt að 12 m að skráningalengd sem mega flytja allt að 12 farþega samkvæmt lögum nr. 76/2001 um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa (3. gr.). Réttindi fást að loknum viðeigandi siglingatíma og öryggisfræðslunámi. Framhaldsskólar skv. lögum um framhaldsskóla geta boðið upp á smáskipanám. Samgöngustofa hefur eftirlit með að smáskipanám uppfylli kröfur námskrár. Námið má meta til eininga í framhaldsskóla og skólastjórnendur eru ábyrgir á mati skóla á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

Upplýsingar um námið má sjá á heimasíðu skólans [hér](#)

Ítarlegt yfirlit yfir námskrá má sjá á námskrárvef [hér](#)

(Síðast uppfært september 2022)